

08. júní 2015

Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Grindavíkurbær
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík 20. maí 2015
UST201505-034/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi. Eldvörp - rannsóknarborholur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grindavíkur er barst 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi rannsóknaborhola í Eldvörpum.

Í greinargerð kemur fram að svæðið sem skipulagstillagan nær til er staðsett við Eldvörp í u.p.b. 3,5 km fjarlægð suðvestur af Svartsengi. Skipulagssvæðið nær yfir 5 reiti sem markaðir eru sem iðnaðarsvæði i4 í aðalskipulagi Grindavíkur 2010 – 2030 og eru ætlaðir undir borteiga.

Náttúruminjar

Svæðið er deiliskipulagstillagan nær til er þakið hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr 44/1999. Svæðið er hluta svæðis sem er nr. 106 á náttúruminjaskrá. Um svæðið segir m.a. í náttúruminjaskrá: „*Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar.*“

Borteigar EG-2 og C eru innan hverfisverndarsvæðis og borteigur A er innan fjarsvæðis vatnsverndar.

Afmörkun og staðhættir

Skipulagssvæðið er rúmlega 2,5 km að lengd frá austasta borteig (E) að vestasta borteig (A). Gert er ráð fyrir 5 borteigum á 2 skipulagssvæðum, þ.e. 4 teigar (C, D, E og EG-2) á 19 ha svæði og 1 borteig (A) á 1,7 ha svæði.

Borteigar og borholur

Fram kemur í greinargerð að heimilt verður að bora eina stefnuboraða rannsóknarholu á hverjum nýjum borteig. Umhverfisstofnun telur að staðsetning og stærð borplana ráði mestu um umhverfisáhrif rannsóknaborana og ákvarði jafnframt þau umhverfisáhrif sem framkvæmdir á síðari stigum koma til með að hafa í för með sér. Umhverfisstofnun bendir á að slóði og borplan eru áætluð samliggjandi við borplan C, og telur stofnunin mikilvægt að eins sé áætlað með borplan D og E, þannig myndu plönin færast að slóða og röskun eldhrauns minnka.

Einnig kemur fram í greinargerð að stærð borteiga sé að mestu háð því hvaða jarðbor fæst til verksins. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að rask vegna borplananna í eldhrauni verði sem minnst og bendir á að því sé mikilvægt að velja þann bor sem þarf sem minnst borplan, en ekki láta aðstæður á markaði ráða afsarið vali á bor. Umhverfisstofnun tekur undir þá áætlun um að hagræða búnaði vegna borframkvæmda með það markmið að halda stærð borteiga í lágmarki. Einnig tekur stofnunin undir áætlunarir er stefna að því að halda röskun á landi og hrauni í lágmarki.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að jarðhitavökva verði fargað með þeim hætti að hvorki myndist útsellingar á yfirborði utan borteiga né að jarðhitavökva sé veitt í grunnvatnsstrauma.

Umhverfisstofnun telur að við fyrirhugaðar framkvæmdir muni verða frekari röskun en orðið er á landslagsheild sem samanstendur af gígum og hraunum. Framkvæmdin mun hafa neikvæð áhrif á landslag vegna borplana og væntanlegra lagna, á svæði sem er á náttúruminjaskrá og er í tillögu um þingsáætlun um náttúruverndaráætlun 2009 – 2013.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt við framkvæmdir að ætíð sé haft í huga að að svæðið er eftirsótt til útivistar og náttúruskoðunar og að leitast verði við að lágmarka neikvæða upplifun útivistarfólks.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur